

eldis og uppfræðslumálum, var þess mjög hvetjandi, að hann gjörðist prestur í Unitara kirkjunni. Enda var yngri Eliot mjög vel til þess kjörinn, eins og seinni tíðin hefir sýnt.

Árið 1889 var honum veitt „Master of Arts“ nafnbót háskólans, og hafði hann þá lokið skólanámi nokkru áður. Vorið 1900 var hann sæmdur doctorsnafnbót Bowdoin háskólans.



Strax og hann hafði lokið námi, tók hann vígslu í Boston og gjörðist miðsiðns prestur hins Ameríska Unitara félags. Í því umboði fór hann vestur á Kyrrahafs strönd. Hann settist að í Seattle Wash. og stofnaði unitaríska söfnuðinn, sem þar er. Þar var hann í 3 ár og fór aftur og fram um ríkið í miðsiðns erindum. Fyrir dugnað hans og frændfólks hans, er þar var fyrir, risu upp blómlegir söfnuðir til og frá meðfram ströndinni. 1889—'93 var hann þjónandi prestur við kirkju

Unitara í Denver Colorado, en þá fluttist hann til Brooklyn N. Y. og þjónaði þar í 5 ár, til 1898.

Það vor var hann kjörinn skrifari Unitarafélagsins ameríska því það þótti enginn líklegri en hann, að taka við stöðu þeirri eftir mann þann, er þá var nýlátinn— séra T. B. Forbush, þess er studdi séra Björn heitinn Pétursson og séra Magn. J. Skaftason að myndun Unitara safnaðanna í Winnipeg og á Gimli.— Þá fylgdi og eftir skrifarastöðunni margfalt meira verk og ábyrgð en nú er. Meðan Dr. Eliot sinnti skrifarastörfunum, var Dr. Caroll D. Wright forseti félagsins. Þeir unnu með miklu fjöri og dugnaði að útbreiðslu kirkjumálanna, og á tveimur árum hafði verksvið félagsins vaxið fullan helming.

Vorið 1900 sagði Dr. C. D. Wright af sér forsetastöðunni á 75 ára afmælishátíð félagsins og lagði til, að breyting yrði gjörð á stjórnarfyrríkomulaginu. Bæði var það, að hann gat ekki annast það verk áfram, þar sem hann hafði þá fyrir nokkru verið